

Dags. 24 október 2016

**LÝSING HF.  
(ÚTGEFANDI)**

**og**

**KPMG EHF.  
(VEÐGÆSLUÐILI)**

**SAMNINGUR UM VEÐGÆSLU  
(VEGNA ÚTGÁFU SKULDABRÉFA.)**

**ÞESSI SAMNINGUR UM VEÐGÆSLU** (hér eftir nefndur "Veðgæslusamningurinn") er dagsettur 24 október 2016, og gerður á milli:

- (1) **LÝSINGAR HF.**, kt. 621101-2420, fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með lögheimili að Ármúla 1, 108 Reykjavík, Íslandi („**Útgefandinn**"); og
- (2) **KPMG EHF.**, kt. 590975-0449, með lögheimili að Borgartúni 27, 105 Reykjavík, Íslandi („**Veðgæsluaðilinn**").

## **INNGANGUR**

- (A) Útgefandinn mun gefa út Grunnlýsingu um útgáfu skuldabréfa allt að fjárhæð kr. 70.000.000.000 sem skráð verður í kauphöll („**Lýsingin**"). Útgefandinn mun gefa út skuldabréf í sérstökum útgáfum með þeim skilmálum sem kveðið er á um í Lýsingunni, þar með talið samkvæmt skuldabréfaútgáfunni Lýsing 16-1, á hverjum tíma og er Veðið sameiginlegt fyrir alla Skuldabréfaeigendur.
- (B) Til tryggingar öllum útgáfum skuldabréfa sem gefin munu verða út samkvæmt Lýsingunni mun Útgefandinn veita veð í Veðsafninu (eins og það er skilgreint í Lýsingunni) með útgáfu Veðsamnings yfir skuldabréfum og fjármögnunarsamningum annars vegar og Handveðsyfirlýsingar (um veð í bankareikningum) hins vegar.
- (C) Í samræmi við Lýsinguna þá gera Útgefandinn og Veðgæsluaðilinn með sér þennan Veðgæslusamning sem nánar kveður á um skyldur Veðgæsluaðilans vegna þjónustu á grundvelli Fjármögnunarskjalanna.
- (D) Þrátt fyrir að Veðgæsluaðilinn sé tilnefndur af Útgefanda sem jafnframt greiðir þóknanir hans, þá skal aðilinn sinna veðgæslunni fyrir hönd Veðhafanna í tengslum við og í samræmi við ákvæði Fjármögnunarskjalanna.

## **1. SKILGREININGAR OG TÚLKUN**

- (a) Í samningi þessum eru neðangreind hugtök skilgreind með eftirfarandi hætti:

„**Fjármögnunarskjölin**" eru: (i) Lýsingin, (ii) allar útgáfur Skuldabréfa sem gefnar verða út nú eða síðar á grundvelli Lýsingarinnar þar með talið samkvæmt skuldabréfalýsingunni Lýsing 16-1, (iii) Handveðsyfirlýsingin, (iv) Veðsamningurinn, (v) þessi Veðgæslusamningur, (vi) samningur um veðvörslu við Reikningsbankann og (vii) öll önnur skjöl eða samningar sem gerð eru af Útgefandanum og Veðgæsluaðilanum, í samræmi við ákvæði framangreindra skjala samkvæmt ákvæðum (i)-(vii).

„**Fundur skuldabréfaeigenda**" er skilgreindur í Lýsingunni.

„**Handveðsyfirlýsingin**" er tryggingabréf gefið út af Útgefandanum til Veðvörsluaðilans fyrir hönd Tryggðra Aðila sem veitir tryggingu í formi handveðs í tilteknum bankareikningum og innstæðum Útgefanda hjá Reikningsbankanum.

„**Innstæður**" eru skilgreindar í Handveðsyfirlýsingunni.

*Handwritten signature*

**„Reikningsbankinn“** er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

**„Samningur um veðvörslu“** er samningur um veðvörslu milli Útgefanda, Veðgæsluaðilans og Reikningsbankans, þar sem útfærð eru réttindi og skyldur Reikningsbankans í tengslum við handveðsettu bankareikningana.

**„Skuldbréfaeigendur“** eru eigendur Skuldabréfa sem gefin verða út nú eða síðar á grundvelli Lýsingarinnar.

**„Skuldabréfin“** eru skuldabréf sem gefin verða út nú eða síðar samkvæmt sérstökum skuldabréfaútgáfum í samræmi við ákvæði Lýsingarinnar.

**„Tryggðir Aðilar“** eru þeir sem skilgreindir eru í Lýsingunni.

**„Tryggingaskjöldin“** eru Handveðsyfirlýsingin og Veðsamningurinn.

**„Vanefndatilvik“** er skilgreint í Veðsamningnum og Handveðsyfirlýsingunni.

**„Veðhlutfallið“** er skilgreint í Lýsingunni.

**„Veðhlutfalls dagsetningin“** er skilgreind í Lýsingunni.

**„Veðið“** eru þær veðtryggingar sem Veðgæsluaðilanum eru veittar fyrir hönd Veðhafanna á grundvelli Tryggingaskjalanna.

**„Veðsettir samningar“** hafa þá merkingu sem lýst er í Veðsamningnum.

**„Veðsett skuldabréf“** hafa þá merkingu sem lýst er í Veðsamningnum.

**„Veðtímabilið“** er skilgreint í Veðsamningnum.

**„Virkur dagur“** er skilgreindur í Lýsingunni.

## 2. SKIPAN VEÐGÆSLUAÐILANS

- (a) Útgefandinn felur hér með Veðgæsluaðilanum að sinna veðgæslu í þágu og fyrir hönd Veðhafanna í tengslum við og vegna Fjármögnunarskjalanna.
- (b) Veðgæsluaðilinn lýsir því hér með yfir að hann muni fara með umsjón og vörslur Veðsins í þágu og fyrir hönd Veðhafanna, og mun auk þess framkvæma allar aðrar skyldur sem fram koma í Fjármögnunarskjölunum.
- (c) Veðgæsluaðilinn samþykkir hér með að starfa sem Veðgæsluaðili fyrir Veðhafana í samræmi við málsgreinar (a) og (b) að ofan og samþykkir að hann muni framkvæma þær skyldur sem fram koma í Fjármögnunarskjölunum.

fm  
SL  
HT

### 3. SKYLDUR VEÐGÆSLUAÐILANS

- (a) Til viðbótar þeim skyldum sem fram koma í Fjármögnunarskjölunum, þá sammælast Veðgæsluaðilinn og Útgefandinn um ákvæði þessarar 3. greinar.
- (b) Veðgæsluaðilinn skal innan tíu (10) virkra daga frá útgáfu hverrar útgáfu Skuldabréfa:
- i sannreyna tilvist allra Veðsettra skuldabréfa (eins og það hugtak er skilgreint í Veðsamningnum) og að þau séu réttilega útgefin;
  - ii sannreyna að öll Veðsett skuldabréf hafi verið árituð um veð það sem veitt er samkvæmt ákvæði Veðsamningsins;
  - iii sannreyna að Reikningsbankinn hafi samþykkt að taka að sér þær skyldur sem fram koma í Handveðsyfirlýsingunni og Veðvörslusamningnum;
  - iv sannreyna tilvist Veðsettra samninga, og hvort tilkynningar hafi verið sendar til viðskiptavina Lýsingarsamkvæmt Fjármögnunarsamningunum um veðsetningu samkvæmt Veðsamningnum, og veðbandslausn á veði við Kvikubanka hf. hafi verið send, sem hér segir:
    - a. Kannaðir skuli allir Fjármögnunarsamningar sem nema hærri fjárhæð en kr. 10.000.000, og
    - b. Kannað skal úrtak sem nemur 5% af öllum Veðsettum samningum (að þeim undanskildum sem getið er í staflíð a. að framan). Komi í ljós að vanhöld séu á að tilkynningar hafi verið sendar skal veðgæsluaðilinn kanna úrtak 15% allra Veðsettra samninga. Komi þá aftur í ljós að vanhöld hafi verið á útsendingu tilkynninga skal veðgæsluaðilinn kanna alla aðra Veðsetta samninga.
    - c. Könnun á útsendingu tilkynninga til viðskiptavina þeirra Fjármögnunarsamninga sem kannaðir verða skv. liðum a) og b) að framan skal gerð sem hér segir: i) hvað rafrænar tilkynningar í heimabanka viðskiptavina varðar skal Veðgæsluaðilinn kanna í kerfum Útgefandans að slíkar tilkynningar hafi verið sendar, ii) hvað varðar tilkynningar sem sendar verða í pósti skal Veðgæsluaðilinn staðfesta að Útgefandinn hafi afhent honum lista yfir alla þá viðskiptavinum sem fengið hafa tilkynningu með almennum pósti.
- (c) Á Veðtímabilinu skal Veðgæsluaðilinn innan tíu (10) virkra daga frá lokum hvers ársfjórðungs á reikningsári Útgefanda:
- i sannreyna tilvist allra Veðsettra skuldabréfa og að þau séu réttilega útgefin, sem veðsett hafa verið af Útgefandanum á tímabilinu samkvæmt því sem kveðið er á um í grein 2.1.2 (D) í Veðsamningnum;
  - ii sannreyna að ritað hafi verið á öll Veðsett skuldabréf, sem veðsett hafa verið af Útgefandanum á tímabilinu samkvæmt því sem kveðið er á um í grein 2.1.2

fm  
Gf  
HT

- (D) í Veðsamningnum, árituð um veð það sem veitt er samkvæmt ákvæði Veðsamningsins;
- iii sannreyna tilvist Veðsettra samninga, sem veðsettir hafa verið af Útgefandanum á tímabilinu samkvæmt því sem kveðið er á um í grein 2.1.2 (D) í Veðsamningnum, og hvort tilkynningar (hvort sem er í rafrænu formi eða með venjulegum pósti) hafi verið sendar til viðskiptavina Lýsingar um veðsetningu slíkra samninga og veðbandslausn þeirra frá núverandi veði Lýsingar við Kviku banka hf. um sem hér segir:
- a. Kannaðir skuli allir svo Veðsettir samningar sem nema hærrí fjárhæð en kr. 10.000.000, og
- b. Kannað skal úrtak sem nemur 5% af öllum svo Veðsettum samningum (að þeim undanskildum sem getið er í staflið a. að framan). Komi í ljós að vanhöld séu á að tilkynningar hafi verið sendar skal veðgæsluaðilinn kanna úrtak 15% allra svo Veðsettra samninga. Komi þá aftur í ljós að vanhöld hafi verið á útsendingu tilkynninga skal veðgæsluaðilinn kanna alla aðra svo Veðsetta samninga.
- iv sannreyna útreikning Útgefanda á Veðhlutfallinu á hverri Veðhlutfallsdagsetningu.
- (d) Á Veðtímabilinu skal Veðgæsluaðilinn í kjölfar beiðni Útgefandans, að því gefnu að ekkert Vanefndartilvik hafi komið upp og að slík beiðni sé heimil samkvæmt ákvæðum Fjármögnunarskjalanna, samþykkja: (i) að aflétta Veði yfir Innstæðunum eins og nauðsynlegt er til að millifæra Innstæðurnar af Veðsettu bankareikningunum og; (ii) aflétta Veðum sem stofnað er til yfir Veðsettum skuldabréfum eða Veðsettum samningum.
- (e) Veðgæsluaðilinn skal framkvæma slíkar veðbandslausnir sem vísað er til í ákvæði (d) á sama virka degi og slík beiðni berst, en á næsta virka degi ef beiðni berst utan hefðbundins opnunartíma.
- (f) Veðgæsluaðilinn skal útbúa skýrslu efnislega í því formi sem er í viðauka 1 við þennan Veðgæslusamning um niðurstöður sínar vegna þeirra athugana sem framkvæma á samkvæmt ákvæðum (b) og (c) að framan og skal sama skýrsla send til Skuldabréfaeigenda í samræmi við 6. gr., innan 15 virkra daga frá þeim degi sem Veðgæsluaðilinn hefur lokið athugunum sínum.

#### 4. FUNDIR SKULDABRÉFAEIGENDA

- (a) Veðgæsluaðilinn skal boða til Funda skuldabréfaeigenda í samræmi við ákvæði Lýsingarinnar og skal fundartími og staður ákveðinn af Veðgæsluaðila.
- (b) Veðgæsluaðili skal tilnefna fundarstjóra sem stjórnar Fundi skuldabréfaeigenda, og jafnframt skal veðgæsluaðili rita fundargerð um þau mál sem rædd eru á fundinum.
- (c) Veðgæsluaðilinn skal senda ályktanir allra Funda skuldabréfaeigenda til Útgefandans með pósti eða með þeim hætti sem Útgefandinn og Veðgæsluaðilinn

Handwritten initials: JMS, SS, HH

sammælast um, sem og til Skuldabréfaeigenda í samræmi við 6. gr. þessa samnings, innan 7 virkra daga frá lokum fundar.

- (d) Veðgæsluaðilinn skal jafnframt liðsinna Útgefandanum óski hann eftir breytingu skilmála með skriflegu samþykki 90% Skuldabréfaeigenda eins og kveðið er á um í Lýsingunni.

## 5. ÞÓKNUN VEÐGÆSLUAÐILA

Útgefandinn skal greiða veðgæsluþóknun til Veðgæsluaðila í samræmi við þóknunarbréf veðgæsluaðila sem Veðgæsluaðili og Útgefandinn hafa sammælst um við gerð samnings þessa.

## 6. SAMSKIPTI VIÐ SKULDABRÉFAEIGENDUR

- (a) Öll samskipti af hálfu Veðgæsluaðilans við Skuldabréfaeigendurna á meðan Skuldabréfin eru skráð í Verðbréfamiðstöð Íslands eða Nasdaq verðbréfamiðstöð skal senda í gegnum kerfi verðbréfamiðstöðvarinnar, eða í gegnum kerfi þeirrar kauphallar þar sem Skuldabréfin kunna að verða skráð.
- (b) Séu Skuldabréfin ekki lengur skráð í kerfum Verðbréfamiðstöðvar Íslands eða Nasdaq verðbréfamiðstöðvar þá skal Veðgæsluaðilinn í öllum samskiptum sínum við Skuldabréfaeigendur póstleggja skilaboð sín, að því gefnu að Skuldabréfaeigandi hafi veitt Veðgæsluaðila tengiliðsupplýsingar.

## 7. FULLNUSTU Á GRUNDEVILLI TRYGGINGASKJALANNA

- (a) Komi upp Vanefndartilvik eins og það er skilgreint í Tryggingaskjölunum þá skal Veðgæsluaðilinn framfylgja fyrirmælum skuldabréfaeigenda í samræmi við ákvæði Tryggingaskjalanna og hvernar útgáfulýsingar Skuldabréfa sem gefin er út samkvæmt Lýsingunni.
- (b) Veðgæsluaðilanum er heimilt að fá fjármálafyrirtæki eða aðra sérfræðinga („Undirverktaka“) til þess að sinna annarri þjónustu en þeirri sem Veðgæsluaðilinn á að veita í tengslum þjónustu vegna fullnustu á grundvelli Tryggingaskjalanna.
- (c) Þegar upp kemur Vanefndartilvik skulu Skuldabréfaeigendur, þrátt fyrir 5. gr. þessa samnings, bera ábyrgð á greiðslu allra gjalda eða þóknana Veðgæsluaðilans í tengslum við fullnustu á grundvelli Veðsins eða vegna nauðsynlegrar þjónustu í tengslum við Fjármögnunarskjölin („Fullnustugjöldin“) og er Veðgæsluaðilanum heimilt að innheimta slík gjöld beint úr hendi hvers og eins Skuldabréfaeigenda.
- (d) Veðgæsluaðilinn skal ákvarða Fullnustugjöldin á grundvelli raunverulegra vinnustunda, umfangi ábyrgðar, færni og reynslu þeirra sérfræðinga Veðgæsluaðila sem koma að verkefninu. Þá skulu Fullnustugjöld innihalda öll gjöld eða kostnað undirverktaka (eftir því sem við á), sem og eðlilegan kostnað sem lagt var út fyrir í tengslum við þjónustu Veðgæsluaðila eða undirverktaka.

## 8. UPPSÖGN VEDGÆSLUSAMNINGINS

- (a) Útgefandanum er heimilt að segja upp veðgæslusamningnum með skriflegri tilkynningu um uppsögn með sex mánaða fyrirvara, að því gefnu að Útgefandinn hafi útnefnt annan hæfan aðila til þess að taka að sér hlutverk veðgæsluaðila samkvæmt Fjármögnunarskjölunum.
- (b) Ef Veðgæsluaðilinn vanefnir verulega skyldur sínar samkvæmt Fjármögnunarskjölunum þá er Útgefandanum eða Skuldabréfaeigendunum (á grundvelli fyrirmæla 2/3 Skuldabréfaeigenda hvernar skuldabréfaútgáfu miðað við fjárhæð eins og kveðið er á um í kaflanum Skilmálabreytingar í Lýsingunni) heimilt að segja upp veðgæslusamningnum með eins mánaðar fyrirvara.
- (c) Það er skilyrði uppsagnar á grundvelli liða (a) og (b) hér að ofan að Útgefandinn tilnefni annan hæfan aðila sem nýjan veðgæsluaðila.
- (d) Veðgæsluaðilinn skal eftir bestu getu aðstoða og liðka fyrir yfirfærslum til nýja veðgæsluaðilans, þar með talið með því að afhenda öll skjöl og gögn til nýja veðgæsluaðilans, en ef uppsögn grundvallast á lið (b) að framan þá skal öll vinna sem Veðgæsluaðilinn þarf að inna af hendi vegna slíkrar vinnu vera á hans kostnað.

## 9. ÁBYRGÐ VEDGÆSLUAÐILANS

- (a) Veðgæsluaðilinn skal ekki bera ábyrgð á:
  - i að upplýsingar sem Veðgæsluaðilinn eða annar aðili veitir í tengslum við Fjármögnunarskjölum (skriflega eða munnlega) eða aðra samninga, samkomulag eða skjöl sem gerð eru samkvæmt eða í tengslum við Fjármögnunarskjölin, séu fullnægjandi, nákvæmar eða endanlegar;
  - ii lögmæti, gildi eða aðfararhæfi Fjármögnunarskjalanna, eða annarra samninga, samkomulags eða skjala sem gerð eru samkvæmt Fjármögnunarskjölum eða í tengslum við þau;
  - iii tjóni einhvers aðila eða ábyrgð vegna athafnar eða athafnaleysis Veðgæsluaðilans í tengslum við Fjármögnunarskjölin, Veðið eða með öðrum hætti nema slíkt tjón sé bein afleiðing ásetnings, stórkostlegs gáleysis eða vegna vanefnda Veðgæsluaðilans eða aðila á hans vegum á skyldum samkvæmt Fjármögnunarskjölunum;
  - iv framkvæmd eða skorti á framkvæmd dómsúrlausna, umboðs eða heimildar sem veðgæsluaðilanum er veitt með eða í tengslum við Fjármögnunarskjölin eða aðra samninga, samkomulag eða skjöl sem gerð eru, vegna eða í tengslum við Fjármögnunarskjölin; eða
  - v neinu tapi sem kann að myndast við fullnustu veðréttinda.

## 10. ÖNNUR ÁKVÆÐI

- (a) Um samning þennan og allar aðrar skuldbindingar sem kann að stofnast til í tengslum við þennan samning gilda íslensk lög, og skal ágreiningsmál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem einn hefur lögsögu.
- (b) Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila.
- (c) Breytingar á veðgæslusamningi þessum verða aðeins gerðar skriflega af Útgefandanum og Veðgæsluaðilanum samkvæmt fyrirmælum 2/3 Skuldabréfaeigenda allra skuldabréfaútgáfa miðað við fjárhæð eins og kveðið er á um í kaflanum Skilmálabreytingar í Lýsingunni.

## UNDIRSKRIFTIR

### ÚTGEFANDINN



f.h. **Lýsingar hf.**

### VEÐGÆSLUAÐILINN



f.h. **KPMG ehf.**